



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0.0	K/S 12.B-18
Ábm. [Signature]	Svfr.
Afgr. [Signature]	( )Bréf ( )St.
Lvnr.	Trm.

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga og fjármálastjóra

Reykjavík 9. mars 2018

1706023SA VFA  
Málalykill: 00.52

### Efni: Vegna skila á ársreikningum og sundurliðun rekstrar og athygli vakín á nýjum lykllum

Eitt meginhlutverk hag- og upplýsingasviðs Sambands Íslenskra sveitarfélaga er úrvinnsla og miðlun á rekstrarlegum upplýsingum um starfsemi sveitarfélaga til notkunar í samanburði milli þeirra en einnig vegna hagsmunagæslu fyrir þau.

Þessum upplýsingum er m.a. miðlað með útgáfu Árbókar, lykiltalnaheftis sem og á rafrænu formi á heimasíðu sambandsins. Hag- og upplýsingasvið leggur áherslu á að umrætt efni sé tilbúið fyrir fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem allajafna er haldin í september ár hvert.

Til þess að svo megi verða þurfa upplýsingar að berast frá sveitarfélögum í góðum tíma. Samkvæmt 2. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skulu sveitarfélög senda ársreikning ásamt skýrslu endurskoðanda til ráðuneytis og Hagstofu Íslands eigi síðar en 20. maí ár hvert. Þá er óskað eftir skilum á sundurliðuðum fjárhagsupplýsingum vegna rekstrar aðalsjóðs sveitarfélaga í samræmi við ákvæði fylgiskjals við reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Þá vill hag- og upplýsingasvið nota tækifærið og bæði benda á breytingar sem orðið hafa á fylgiskjali með reglugerð 1212/2015 sem tóku gildi frá og með árinu 2016 sem og ítreka þá flokkun sem hefur verið í gildi eftir málaflökkum með vísan í fyrri reglugerð nr. 944/2000.

Í viðaukum með auglýsingu 790/2001 um reikningsskil sveitarfélaga sem byggir á reglugerð 944/2000 kemur fram að færa skuli kostnað vegna frístundaheimila á sérstakan COFOG lykil „0428 Vistun utan skólatíma“ en ekki á grunnskólastofnanir. Þá er óskað eftir því að undir COFOG lyklinum „0411 leikskólar“ séu stofnaðar sérstakar rekstrareiningar vegna framlaga fyrir hvern sjálfstætt starfandi leikskóla í stað þess að færð sé inn ein samantekin fjárhæð vegna framlaga til allra sjálfstætt starfandi leikskóla í sveitarfélaginu. Óskað er eftir samskonar fyrirkomulagi vegna sjálfstætt starfandi grunnskóla. Sveitarfélög eru hvött til þess að aðgreina kostnað eftir skólastígum þegar um samrekna skóla er að ræða.

Þá er vakín sérstök athygli á því að í reglugerð 1212/2015 var m.a. gerð sú breyting að undir félagsþjónustukafla í fylgiskjali var bætt við fimm undirlyklum undir COFOG lyklinum „023 Þjónusta við börn og unglínga(barnavernd)“. Frá og með bókhaldsárinu 2016 eiga því öll sveitarfélög að greina og færa kostnað vegna barnaverndarmála á þessa fimm COFOG lykila í stað þess að færa allan kostnað á einn lið. Við skil ársreikninga sveitarfélaga vegna ársins 2016 kom í ljós að verulegur misbrestur er á að sveitarfélög fari eftir þessu. Vegna málefna fatlaðs fólks bættist

við COFOG lykilling „, 0255 frekari liðveisla“. Í fylgiskjali er að finna yfirlit yfir þessa nýju COFOG lykila ásamt skýringum.


Mikilvægt er að sveitarfélög fari eftir þeirri flokkun sem lögð er til grundvallar í reglugerð til þess að tryggja samanburðarhæfi gagna eins og kostur er.

Talsverð vinna fer í að yfirfara gögn eftir skil svo að þau séu sem áreiðanlegust og mikilvægt að vandað sé til verka. Nokkuð hefur borið á því að sum sveitarfélög skili sundurliðun í seinna falli til hagstofu, sem hefur þá seinkað úrvinnslu gagna fyrir öll sveitarfélög og á stundum hefur staðið tæpt á því að gögn séu tilbúin fyrir fjármálaráðstefnu. Til þess að hag- og upplýsingasvið geti rækt hlutverk sitt sem best þurfa upplýsingar frá sveitarfélögum að berast fyrr. Ársreikningar sveitarfélaga skipta þar miklu en ekki síður sundurliðun vegna rekstrar þar sem mikilvægar lykiltölur í greiningu og miðlun sambandsins byggja á téðri sundurliðun.

Í ljósi ofangreinds þurfa þau sveitarfélög sem vilja að rekstrarleg gögn frá þeim séu tekin með við vinnslu samanburðarhæfra gagna fyrir fjármálaráðstefnu sveitarfélaga að vera búin að skila inn sundurliðun vegna rekstrar eigi síðar en 1. júní nk. Að öðrum kosti eiga þau á hættu að við vinnslu Árbókar, lykiltalnaheftis sem og annars talnaefnis, náist ekki að færa gögn vegna viðkomandi sveitarfélags.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Valgerður Freyja Ágústsdóttir  
sérfræðingur hag- og upplýsingasviði

Fylgiskjal: Yfirlit yfir nýja lykila vegna þjónustu við börn og unglinga ásamt skýringum

## Fylgiskjal. Yfirlit yfir nýja COFOC lykla ásamt skýringum

Í fylgiskjali með reglugerð nr. 1212/2015 var m.a. gerð sú breyting að undir félagsþjónustukafla var bætt við fimm undirlyklum undir lyklinum „023 Þjónusta við börn og unglunga(barnavernd)“. Frá og með bókhaldsárinu 2016 eiga því öll sveitarfélög að greina og færa kostnað vegna barnaverndarmála á þessa fimm lykla í stað þess að færa allan kostnað á einn lið. Einnig var gerð sú breyting að undir málefni fatlaðs fólks bættist við nýr COFOC lykill. **Nýir lykjar eru rauðmerktir.**

### **02 3 ÞJÓNUSTA VIÐ BÖRN OG UNGLINGA (BARNAVERND)**

Hér flokkast og greinist allur kostnaður vegna barnaverndarnefndar og ráðstafana barnaverndaryfirvalda, þ.e. kostnaður vegna vistunar og fósturs barna og ungmenna utan heimilis, skipunar tilsjónarmanna með heimilum o.s.frv., sbr. barnaverndarlög nr. 80/2001 með síðari breytingum og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.

#### **02 31 KOSTNAÐUR VEGNA BARNAVERNDARNEFNDAR**

Hér flokkast allur kostnaður sem til fellur vegna starfa barnaverndarnefndar s.s launakostnaður til nefndarmanna vegna setu á fundum og ferðakostnaður/akstur (bifreiðastyrkir) nefndarmanna á fundi, fargjöld og dvalarkostnaður, lögfræðiaðstoð og málskostnaður. Allur launakostnaður og ferðakostnaður starfsmanna. Önnur aðkeypt þjónusta.

#### **02 32 KOSTNAÐUR VEGNA VISTUNAR UTAN HEIMILIS**

Kostnaður vegna vistunar barna utan heimilis í sérstök úrræði (stofnun og/eða vistheimili 84.gr. og 31.gr.).

#### **02 33 KOSTNAÐUR VEGNA FÓSTURS UTAN HEIMILIS**

Hér fellur til allur kostnaður vegna vistunar barns utan heimilis skv. 65.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 um fósturráðstöfun. Sjá reglugerð um greiðslur vegna barna í fóstri nr. 858/2013.

#### **02 34 KOSTNAÐUR VEGNA ÚRRÆÐA Á HEIMILI**

Kostnaður vegna t.d. tilsjónaraðila.

#### **02 35 ANNAÐ**

Hér fellur til m.a. kostnaður vegna úrræða utan heimilis svo sem vegna stuðningsfjölskyldna og sumardvalar.

### **02 5 ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK**

Hér flokkast kostnaður vegna málefna fatlaðs fólks. Ef þjónustustofnun tilheyrandi verkefninu er rekin sem sjálfstæð rekstrareining flokkast hún meðal B-hluta fyrirtækja.

#### **02 51 SAMEIGINLEGIR LIÐIR**

Hér flokkast kostnaður vegna yfirstjórnar og annar kostnaður sem ekki verður sérgreindur á eftirtaldar þjónustur við fatlað fólk. Hér flokkast einnig reiknuð hlutdeild í rekstri af 05 0 Sameiginlegir liðir.